

Viðmiðunarreglur vegna afnota af Laxdalshúsi, Friðbjarnarhúsi og Gudmands Minde;

Húsin eru til útleigu til starfsemi sem samræmist þeim kvöðum sem þeim fylgja. Þau eru friðuð og vegna þess getur ekki hvaða starfsemi sem er rúmast í þeim. Starfsemin þarf að taka mið af þessu og að vera þess eðlis að ekki mæði um of á þeim. Leigjendur húsanna hafa ekki leyfi til að áframleigja húsin. Húsin eru í eigu Fasteigna Akureyrar sem annast viðhald þeirra og samskipti við leigutaka vegna viðhaldsmála.

Samningar um útleigu geta verið af tvennum toga:

- a) Samningar þar sem leigutaki greiðir fulla leigu m.v. markaðsverð hverju sinni undir starfsemi sem keppir á almennum markaði. Samningar eru þá annað hvort tímabundnir og óuppsegjanlegir eða ótímabundnir og uppsegjanlegir af beggja hálfu.***
- b) Samningar um afnot þegar styrkur til starfsemi er í formi húsaleigu. Notendur greiða þá ekki markaðsleigu en bera kostnað af rekstri eins og unnt er. Þetta á við ef samfélagslegur tilgangur afnotanna er skýr og unnt að færa þessháttar rök fyrir þeim.***

Getur átt við:

1. Starfsemi félaga sem ekki eru rekin í gróðaskyni og hafa þann tilgang að veita almenningi aðstoð eða stuðning á einhvern hátt.
2. Starfsemi sem byggir á menningarlegum gæðum sem ber sig ekki fjárhagslega og felur í sér verðmæti sem annars væru ekki sýnileg eða aðgengileg.

Samningar eru gerðir í lengsta lagi til 4 ára í senn. Að þeim tíma loknum skal metið hvort starfsemin þurfi enn á stuðningi í formi húsaleigu að halda.

Mögulegt er að endurnýja samninga án auglýsingar tvisvar sinnum í 2 ár að fyrsta tímabili loknu. Leigjandi getur lengst verið samfleytt í 8 ár.

Samþykkt í stjórn Akureyrarstofu 15. febrúar 2017.